

## Engin ósköp standa lengi!

„ENGINN SKÓLI Í ÞRJÁR VIKUR!!!“ heyri ég Parmes öskra af fögnuði í símann. Ég var að enda við að segja honum fréttirnar af samkomubanninu og hvernig við mættum bara fara í skólann einu sinni í viku og Parmes gæti ekki verið ánægðari. „Þú veist samt að þú munt ennþá þurfa að læra, þú gerir það bara heima“ segi ég við hann, en það virðist ekki geta gert Parmes minna æstan. „Veistu hvað þetta þýðir Dýrunn?“ segir hann spenntur. „Nei, Hvað þýðir þetta“ segi ég í gríni þótt ég viti nákvæmlega hverju hann er að fara að stinga upp á. „Við getum gíst með Vögnu, Finn og Blæ, hversu frábært er það Dýrunn?“ segir hann æstur. Ég er farin að halda að Parmes fylgist ekki með neinu sem er að gerast í heiminum, „Parmes, þótt að skólinn sé lokaður þýðir það ekki að við séum í fríi. Við þurfum ennþá að læra og vakna snemma, við vinnum bara verkefni heima.“ segi ég yfirveguð. „Þýðir það þá að við megum ekki gista?“ spyr Parmes vonskvikinn. „Ég er ekki alveg viss um að það yrði góð hugmynd, mamma er í sóttví og við viljum ekki taka áhættuna á að einhver smitist, en kannski getum við gíst í sumar þegar veiran er gengin yfir“ segi ég og reyni að hljóma hughreystandi, sem virðist virka því að Parmes er strax aftur orðinn spenntur og er byrjaður að plana sumarið.

Við Vagna, Finn, Blær og Parmes sitjum öll á gólfinu í herbergi Vögnu. Við vorum að enda við að spila Monopoly þegar Parmes gafst upp á spilinu þar sem að hann var að tapa. „Þetta er ekki skemmtilegt spil og ég vil ekki spila það lengur“ segir Parmes þrjúskulega og hvolfir spilinu, sem kom engum á óvart því þetta var það sem að vanalega gerðist þegar þau spiluðu saman. „Æi Parmes, þetta er spil, taktu þig saman í andlitinu og hættu að vera svona tapsár,“ segir Vagna pirruð.

„Láttu hann vera Vagna, þú ert bara pirruð því þú varst að fara að vinna spilið,“ segir Blær verndandi og knúsar Parmes hughreystandi. „Blær, þótt hann sé kærastinn þinn getur þú ekki bara verið með honum í liði“ segir Vagna ósátt. Ég og Finn litum hvort á annað, orðin vön þessu. Blær og Vagna eru sko alveg góðir vinir en Vagna er mjög góð í að búa til vandamál úr engu og á stundum mjög erfitt með að skilja Parmes. Parmes er stundum eins og smábarn sem fær ekki það sem hann vill, ég og Finn urðum strax vön þessu eftir að við kynntumst og þar sem að Blær og Parmes voru saman gat ég ekki haldið annað en að Blær hafi gert það líka.

„Eru þið búin að læra eitthvað í fríinu? Ég er búin að gera eitthvað en er ekki að nenna þessu,“ segi ég og Vagna horfir á mig pirruð. „Kennarinn hefur nú þegar plægt akurinn með því að senda heimanám í tölvurnar okkar með leiðbeiningum svo þetta ætti ekki að vera erfitt.“ Vagna segir þetta eins og hún sé klárari en við öll, sem er alveg satt en hún þarf ekki alltaf að nudda okkur upp úr því að við séum hálfvitar. „Dagur kemur eftir þennan dag, þá getur þú haldið áfram með heimavinnuna Dýrunn“ segir Blær hughreystandi. „Ég er ekkert að segja að ég eigi erfitt með heimanámið, þetta er bara leiðinlegt“ segi ég og Parmes kinkar kolli, „ég er sammála Dýrunni, þetta er ekki

skemmtilegt, það er heldur ekkert skemmtilegt við þetta verkfall eða veiruna, ég hélt að við myndum geta farið í bíó eða eitthvað saman en þetta þurfti allt að skella á í einu.” segir Parmes fúll og Blær knúsar hann að sér.

„Þegar ein báran rís er önnur vís.” segir Blær spekingslega og ég og Finn ranghvolfum augunum. Blær er mikið fyrir málshætti og er hann líka alltaf að finna nýja til að segja. „Þú og þínir málshættir” segir Finn lágt. Finn talar ekki mikið en hann er samt skemmtilegur vinur. „Þetta mun allt ganga yfir, og manstu hvað við töluðum um í fyrradag Parmes?” Segi ég. „Nei örugglega ekki” segir Vagna pirruð eins og vanalega. „Afsakaðu mig Vagna, ég man það víst,” segir Parmes og leggur hönd á brjóst sér móðgaður. „Nú detta mér allar dauðar lýs úr höfði. Segðu mér þá” segir Vagna orðin aðeins kátari og farin að hafa gaman að því að stríða Parmes. Er þetta virkilega svona mikið mál, hugsa ég. Ég var að spyrja einfaldrar spurningar, „ég sagði honum bara að í sumar gætum við gert skemmtilega hluti eins og að fara í bíó og gista, við þyrftum bara að bíða þangað til að veiran gangi yfir. Meira var það ekki.” Segi ég til að fá þau til að hætta að rífast. „Ég hefði alveg getað sagt þetta,” segir Parmes fúll og ég ranghvolfi augunum.

Á hverju einasta borði eða hillu var spritt. Og allstaðar á veggjum skólans var búið að hengja upp veggspjöld með leiðbeiningum um hvernig á að þvo hendur. Mér fannst þetta orðið frekar fáránlegt, ég meina ætla kennarar virkilega að kenna okkur hvernig á að þvo hendurnar. Fullt af prófum og verkefnum sem við þurfum að gera og þau vilja fræða okkur um handþvott. En allavega ég var í skólanum, það kom svo í ljós að skólinn yrði ekki alveg lokaður heldur áttum við að mæta í skólann einu sinni í viku, ömurlegt alveg hreint en ég get ekkert gert í því. Heimurinn er gjörsamlega að ganga í gegnum eldraun með þessa ókunnugu veiru. Ég hef samt engar áhyggjur af heiminum, þetta er bara pirrandi. Þegar ég kem að skólastofunni minni er okkur sagt að koma inn einu í einu og þvo okkur um hendurnar og setjast í sæti og ekki koma of nálægt vinum okkar eða bekkjarfélögum. „Morgunstund gefur gull í mund” heyri ég Blæ muldra kaldhæðnislega við hliðina á mér þegar hann sest í sætið sitt og ég hlæ hljóðlega.

„Hvenær megum við fara úr þessu helvíti?” heyri ég Parmes segja í kvörtunartón og þegar ég lít afturfyrir mig er Parmes að berja hausnum í borðið. „Elskan mín, allt tekur enda um síðir” heyri ég Blæ segja við Parmes hughreystandi og mig langar að æla, hvaða fjórtán ára strákur segir elskan mín við kærasta sinn, en ekki mitt vandamál. „Ég vil bara vita hvenær við megum fara heim,” segir Parmes við Blæ „Tíminn er búinn eftir korter held ég, þú verður bara að bíða þangað til, haltu áfram að læra Parmes,” segir kennari sem hefur heyrt í þeim tala saman, svo fer hún út úr skólastofunni.

Eftir nokkrar mínútur kemur skólastjórinn (sem ég hef aldrei nennt að læra nafnið á) inn og á eftir honum er kennarinn þeirra. „Jæja krakkar, það hefur því miður farið þannig að skólinn þarf að vera lokaður um stund þangað til að það er óhætt að opna hann aftur. Allir sem eru í skólanum í dag þurfa að vera í sóttkví og mega ekki fara heim til sín og

„talað hefur verið við foreldra og forráðamenn ykkar og hafa þau öll samþykkt,” segir skólastjórinn og kennarinn stendur vandræðalegur hjá og kinkar kolli við hliðina á skólastjóranum. Allstaðar í stofunni heyri ég krakkana taka andköf, „ég skil að þetta er auðvitað að mikið að melta og ekki það sem þið bjuggust við, ég skelf sjálfur á beinunum þar sem að við höfum aldrei þurft að gera þetta áður, en svefnpokar og dýnur eru til staðar í kjallara skólans og svo er matur í mötuneytinu svo við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að eiga ekki nægan mat. Sóttkvíin í skólanum verður í tvær vikur og svo, vonandi, fáði þið að fara heim,” segir skólastjórinn. „Við verðum bara að muna að hjálpast öll að og passa að allir verði í lagi. Margir aðrir skólastjórnendur hafa þurft að loka sínum skólum og eru hvergi af baki dottnir og munið að gefast ekki upp þótt á móti blási,” segir kennarinn loksins. „Ber er hver að baki nema sér bróður eigi.” segir Blær stoltur og Parmes horfir aðdáunaraugum á kærasta sinn. Þetta er alls ekki það sem ég bjóst við að heyra þegar skólastjórinn kom inn en framtíðin er óskrifað blað.

Það er liðin vika og ég get ekki beðið eftir því að fara heim. Það er ekkert að gera, við megum ekki spila því það eru of miklir sýklar á spilunum og svo komu flestir með síma daginn sem skólinn lokaði en þar sem það voru engin hleðslutæki fyrir þá entust þeir ekki lengi. Ég (og örugglega margir aðrir) er farin að telja niður mínúturnar til heimfarar, ég get ekki meir.

„Hvað er það sem angrar þig Dýrunn mín” segir Parmes og sest niður á dýnuna sem ég ligg á. Ég píri augun og hristi hausinn, „þú hefur smitast hræðilega af Blæ, vertu svo vænn að breytast ekki í heimspekingslega Blæ, ég bið þig.” Segi ég í gríni og spennu greipar biðjandi. Parmes ranghvolfir bara í sér augunum, „suss þú, ég er ekkert að breytast í Blæ, ég var bara að spyrja þig hvað væri að, engin málsháttur né neitt,” segir Parmes og ranghvolfir augunum aftur. „Já já ég var bara að djóka, en til að svara spurningu þinni þá leiðist mér bara og það er ekkert skemmtilegt að gera hér,” segi ég fúl. „Dýrunn mín, reistu þig nú upp á afturlappirnar og vertu með okkur Blæ, Vöggu og Finn í feluleik,” segir Parmes yfirvegaður og ég kinka kolli og fylgi honum út úr skólastofunni.

Síðasti dagurinn er runnin upp og við krakkarnir erum öll komin með nóg af því að vera í skólanum. Okkur var sagt að við mættum fara heim þegar við værum búin að ganga frá eftir okkur. Þegar við vinirnir erum öll búin að ganga frá eftir okkur förum við að gera okkur til í heimferðina. „Nú verð ég leggja spilin á borðið.” Segir Parmes og við lítum á hann „Þetta voru frekar skemmtileg tvær vikur.”

„NEI Parmes” segjum við öll í kór.

Hrafnhildur Freyja Einarsdóttir

8. APG